

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

*Björk – Jórvík 1, deiliskipulagsbreyting.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 20. september 2023, tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi íbúðarbyggðar í landi Bjarkar og Jórvíkur. Markmið breytingarinnar er að bæta nýtingu fjölbýlishúsalóða, auk breyttra áherslna varðandi raðhúsalóðir. Á raðhúsalóðum eru lóðir minnkaðar og gert ráð fyrir hefðbundnum raðhúsum í stað klasa með fleiri en einu húsi á lóð og stórri sameign.

*Björkurstekkur, óveruleg breyting á skilmálum deiliskipulags.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 20. september 2023, tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi íbúðarbyggðar í Björkurstekk á Selfossi. Um er að ræða samræmingu á mismun í texta og samantektartöflu er varðar hámark nýtingarhlutfalls. Breytingar eru eftirfarandi: 5.1 Gerð er breyting á nýtingarhlutfalli í töflu og texta, þar sem aukið er við nýtingarhlutfall kjallara, einnar hæðar húsa og tveggja hæða einbýlishúsa. Þá er aukið við nýtingarhlutfall kjallara fyrir fjölbýlishús á 4 hæðum og 5 hæðum. Felld er út setning sem segir til um veggghæðir að lóðarmörkun, fyrir allar tegundir húsa.

Skipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 26. september 2023.*

**Rúnar Guðmundsson** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. september 2023